



FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN  
HÁSKÓLA ÍSLANDS

## Lestur og viðhorf til lesturs

Niðurstöður úr rýnihópum 10 - 15 ára barna og unglunga

Október 2006

**Andrea Gerður Dofradóttir**

**Kristín Erla Harðardóttir**

**Friðrik H. Jónsson**

## Efnisyfirlit

<b>I. Í HNOTSKURN</b> .....	<b>3</b>
<b>II. INNGANGUR</b> .....	<b>7</b>
<b>III. FRAMKVÆMD</b> .....	<b>8</b>
1. Markmið .....	8
2. Framkvæmd.....	8
<b>IV. LESTUR</b> .....	<b>10</b>
1. Er lesið og hversu mikið er lesið? .....	10
2. Hvar og hvenær er lesið? .....	11
3. Hvað er lestur? .....	11
4. Lesefni og áhugasvið .....	12
a. Bækur.....	12
b. Dagblöð og tímarit .....	14
c. Netið .....	14
d. Er lesið á erlendum tungumálum? .....	15
5. Hvatning til lesturs og lestrarumhverfi .....	15
a. Skólaumhverfið og jafnaldrarnir.....	16
b. Hvatning og lestrarmenning heima .....	17
c. Markaðssetning og fjölmiðlar .....	17
6. Aðgengi að lesefni og tími til lesturs.....	18
7. Um gildi lesturs, ólík áhugasvið og umgengni við bækur .....	19
a. Almenn um gildi lesturs í þeirra huga.....	19
b. Áhugasvið stúlkna og pilta .....	20
c. Upplifun stúlkna og pilta .....	21
d. Umgengni stúlkna og pilta við bækur.....	22
8. Hvað ræður þegar velja á bók .....	22

## I. Í hnotskurn

### *Lesefni og áhugasvið*

- Langflest þeirra barna og unglunga sem tóku þátt í rýnihópaviðtölunum sögðust lesa að staðaldri utan þess sem skólinn ætlaðist til af þeim.
- Misjafnt var hversu mikið þau lásu og skipti árstími þar töluverðu um. Sömuleiðis virtist það hversu vel bókin fangaði áhuga þeirra skipta mestu máli um hversu hratt þau læsu bækurnar.
- Algengast var að lesnar væru tvær bækur samhliða hvor annarri, ein tengd náminu og önnur sem þau völdu sjálf að lesa.
- Misjafnt var við hvaða aðstæður var lesið. Mörg lásu á kvöldin þegar þau fóru í háttinn, önnur lásu þegar ekkert annað áhugavert var um að vera, t.d. engir vinir til að vera með eða leiðinlegt sjónvarpsefni. Sum lásu meira yfir sumartímamann en önnur meira yfir vetrartímamann.
- Flest skilgreindu þau lestur sem það að lesa texta. Mörg þeirra vildu flokka lestur eftir magni texta. Ekki voru allir á eitt sáttir um hvort lestur teiknimyndasaga gæti flokkast sem lestur og lestur MSN- og SMS-skeyta virtist í hugum margra fremur flokkast undir samskiptaform en lestur.
- Í öllum hópum var samhljómur um að skemmtilegast væri að lesa spennubækur. Ævintýra- og spennuþrungnar bækur, eins og bækurnar um Harry Potter, Hringadróttinssaga, Eragon og Gæsa húð voru mikið nefndar og sakamálasögur, eins og bækur Arnaldar Indriðasonar virtust vera algengt lesefni, einkum meðal unglunganna. Stúlkurnar virtust sömuleiðis lesa annarskonar bækur fyrir börn og unglunga. Lestur þjóðsagna, Íslendingasagna sem og ljóðabóka virtist ekki eiga upp á pallborðið, þótt á því væru undantekningar. Almennt sögðust þau heldur ekki lesa mikið af fræðslubókum utan einn í yngri hópnum sem sagðist fá viðurnefnið „nörd“ meðal systkina sinna fyrir vikið.
- Algengt var að krakkarnir flettu í gegnum og læsu hluta af dagblöðum. Yngri krakkarnir virtust þó gera þetta í minna mæli en unglungarnir. Algengast var að aftasti hluti blaðanna væri lesinn þótt sum þeirra flettu í gegnum allt blaðið. Sjónvarpsdagsskráin, kvikmyndasíðurnar, „slúðrið“, umfjöllun um kvikmyndir, brandarar og íþróttافرéttir var vinsælt lesefni og sérblöð um bíla vakti áhuga nokkurra piltanna.

- Af myndasögum voru Andrés önd og Syrpur mjög vinsælt lesefni, sérstaklega í yngri hópnum og meðal unglínganna var enn töluverður hópur sem las Andrésblöð og Syrpur. Meðal unglíngsstúlkanna voru „slúðurbloð“ og fleiri tímarit lesin reglulega og margir unglíngspíltanna lásu sömuleiðis „fullt af slúðri um fræga fólk“.
- Mest allt af því efni sem var lesið var á íslensku. Lestur á erlendum tungumálum virtist einkum felast í lestri vefsíða á ensku. Nokkur unglínganna höfðu þó lesið skáldsögur á ensku.

### ***Hvatning til lesturs og lestrarumhverfi***

- Hvatning til lesturs fólst í ýmsu. Sum virtust upplifa nokkra hvatningu en önnur upplifðu minni eða litla hvatningu. Einhver bentu á að ekki væri þörf á hvatningu til lesturs, það væri einfaldlega svo skemmtilegt að lesa. Foreldrar, einkum mæður, kennarar og starfsfólks skólábókasafna voru einkum nefnd sem þeir aðilar sem helst hvettu til lesturs. Sömuleiðis virtust umræður um bækur í bekkjum eða í vinahópnum hafa töluverð áhrif á lestur og val á lesefni, sem og hvatakerfi kennara.
- Krakkarnir sögðust öll hafa búið við það í einhverjum mæli þegar þau voru yngri að foreldrar læsu fyrir þau. Smátt og smátt hefðu þeir þó hætt því eftir því sem þau sjálf hefðu náð betri tökum á lestrinum. Heima hjá einni stúlkunni, sem var mjög áhugasöm um lestur, var enn lesið fyrir hana og bróður hennar. Heima hjá flestum krakkanna lásu einhverjir aðrir í nánustu fjölskyldunni einnig reglulega.
- Misjafnt var hvort þau töldu bókauglýsingar hafa áhrif á sig. Sum virtust veita þeim athygli og velja sér bækur til lestrar og gjafa út frá auglýsingum. Í þessu sambandi nefndu þau mörg bókabæklinginn sem kemur út fyrir jólin og sögðust sum hver fletta í gegnum eða lesa hann. Sömuleiðis sögðust sum skoða vinsældarlista yfir bækur og upplestur úr bókum var einnig nefndur.
- Það að skáldsaga væri kvikmynduð virkaði hvetjandi á mörg þeirra og virtist sumum vera í mun að lesa bækurnar áður en þau sæju kvikmyndina. Önnur fengu aftur á móti áhuga á því að lesa bókina í kjölfar þess að hafa séð kvikmyndina um söguna.

### ***Aðgengi að lesefni og tími til lesturs***

- Krakkarnir fengu bækur og lesefni úr ýmsum áttum. Skólabókasöfn gegna þar stóru hlutverki og almenningsbókasöfn voru einnig nefnd. Mörg sögðust oft lesa bækur sem þau ættu sjálf og hefðu fengið að gjöf. Þónokkur sögðust einnig fá lánaðar bækur hjá vinum, systkinum og öðrum í fjölskyldu sinni. Unglingspiltarnir virtust síður óska sér bóka að gjöf en stúlkurnar og yngri piltarnir. Stór hluti hópsins hafði einnig verið í áskrift að teiknimyndablöðum og tímaritum. Engin þeirra virtist hins vegar kaupa sér bækur fyrir eigin fjármuni.
- Almennt töldu krakkarnir sig hafa nægan tíma til að lesa og virtust ekki óska sér meiri tíma til þess.

### ***Um gildi lesturs, ólík áhugasvið og umgengni við bækur***

- Krakkarnir voru sammála um að lestur hefði fyrst og fremst skemmtanagildi í þeirra huga og að lestur væri góð afþreying. Í þessu samhengi var því haldið á lofti að góð og skemmtileg bók væri sú sem héldi athygli og einbeitingu lesandans. Góð bók væri einnig sú sem héldi lesandanum spennu og veki með honum eftirvæntingu.
- Til að halda spennu og eftirvæntingu við lesturinn er því mikilvægt að umfjöllun um bókina á kápu hennar og fyrirsagnir kafla upplýsi ekki lesandann um of um atburði og atburðarrás sögunnar. Þessi skoðun kom skýrt fram meðal krakkanna.
- Mörg þeirra höfðu þá skoðun að það væri fremur einstaklingsbundið en kynbundið hversu mikið strákar og stelpur læsu. Unglingspiltarnir virtust hinsvegar margir á því að stelpur læsu meira. Einn sagði það vera vegna þess að þær væru „kennarasleikjur dauðans“. Í yngri stúlknaþópnum kom upp sú umræða að strákar hefðu tilhneigingu til að reyna að sleppa létt við bóklesturinn og veldu sér því oft léttar og fljótlesnar bækur.
- Skoðunum krakkanna á því, hvers konar bækur stelpur og strákar hafa áhuga á, virðist ekki að fullu bera saman við áhugasvið kynjanna. Þannig má velta fyrir sér hvort skoðanir þeirra séu um margt litaðar af staðalmyndum um áhugasvið stúlkna og pilta. Niðurstaða þeirra var almennt sú að strákar læsu meira af spennu- og ævintýrabókum, bókum um íþróttir og jafnvel fræðsluefni en stelpur aftur á móti meira af „stelpubókum“, ástarsögum og unglingsbókum. Engu að síður kom skýrt fram í viðtölunum að bæði stúlkur og piltar töldu spennusögur vera þær tegundir bóka sem þau vilja helst lesa. Vera má að þau hafi einblínt á

að draga einungis það fram sem aðgreinir þau í stað þess að benda á þann sameiginlega áhuga sem þau hafa.

- Svo virðist sem stúlkur sýni sterkari viðbrögð en strákar við því sem lesið er. Þær voru til dæmis ófeimnar að segja frá því að þær grétu yfir sorglegum bókum á meðan að stákarnir sögðu það almennt ekki hafa nein sérstök áhrif á sig þótt þeir læsu eitthvað sorglegt, sögðust almennt ekki verða sorgmæddir eða daprir þótt þeir læsu um eitthvað sorglegt.
- Svo virðist sem stelpurnar lesi af meiri samviskusemi en strákarnir. Í viðtölunum kom skýrt fram að stelpurnar sögðust almennt klára að lesa bækur sem þeim fannst leiðinlegar. Strákarnir sögðust aftur á móti frekar skilað þeim ólesnum ef þeim líkaði ekki lesturinn.
- Krakkarnir voru sammála um að ýmis atriði skiptu máli um hvort bók vekti áhuga þeirra eða ekki. Mörgum fannst bókarkápan skipta máli og töldu að hún yrði að vera flott og að þeim líkaði myndskreytingar í bókinni. Öðrum fannst kápan skipta minna máli. Einnig nefndu mörg titil bókar og höfund í þessu samhengi. Flest voru sammála um að umfjöllun um efni bókarinnar aftan á bókarkápu skipti miklu máli og voru almennt á því að ekki mætti þar upplýsa of mikið um atburði eða atburðarrás sögunnar.

## II. Inngangur

Í skýrslu þessari verður greint frá niðurstöðum rýnihópaviðtala meðal 10 til 15 ára barna og unglunga í Reykjavík og nágrenni. Í rýnihópunum var rætt bæði við stelpur og stráka og var megináhersla lögð á að fá innsýn í viðhorf þeirra til lesturs og hvaða sess lestur skipar í daglegu lífi þeirra. Verkefnið var unnið fyrir Eddu - útgáfu og Pennann í ágúst og september 2006.

Notkun rýnihópa er góð leið til að fá tilfinningu fyrir ákveðnum málefnum eða fyrir skoðunum tiltekins hóps fólks. Hér var tilgangurinn með rýnihópaviðtölunum að fá fram raddir barna um hugmyndir þeirra og skoðanir á lestri. Í hópunum koma fram viðhorf sem má til dæmis spegla við þær hugmyndir sem við höfum um viðkomandi hóp. Þó ber að undirstrika að aldrei er hægt að nota niðurstöður rýnihópa til að alhæfa um allan hópinn (í þessu tilviki börn og unglunga á fyrrgreindu aldursbili). Niðurstöðurnar eru einungis vísbendingar.

Í skýrslunni verður fjallað um helstu atriði sem komu fram í þeim fjórum rýnihópum sem komu saman á tímabilinu. Fyrst verður gerð grein fyrir framkvæmd rýnihópanna og í kjölfarið greint frá helstu niðurstöðum rýnihópaviðtalanna í átta köflum. Fjallað er um hve mikið krakkarnir lesa, hvað er lesið og hvenær og á hvaða hátt þau skilgreina lestur. Sömuleiðis er gerð grein fyrir hvers konar lesefni þau hafa áhuga á og fjallað er um hvatningu til lesturs, lestarumhverfi sem þau búa við og aðgengi að lesefni. Þá er fjallað um gildi lesturs í þeirra huga og það hvað ræður þegar velja á bók.

### III. Framkvæmd

Hér verður fjallað um helstu markmið með rýnihópaviðtölum og framkvæmd þeirra.

#### 1. Markmið

Meginmarkmiðið með rannsókn þessari var að fá innsýn í lestur barna og unglunga, upplifun þeirra og viðhorf til lesturs. Til að mynda var áhugi á að fá fram mynd af því hversu mikið þau lesa, hvaða efni þau lesa og í hvaða tilgangi. Þá var leitast við að fá fram hvaða merkingu þau leggðu í lestur, gildi lesturs í þeirra huga og lestraráhuga, sem og lestraruppeldi og lestrarmenningu í þeirra lífi. Myndaðir voru fjórir rýnihópar stúlkna og pilta á aldrinum 10 til 15 ára. Þátttakendur voru af höfuðborgarsvæðinu.

#### 2. Framkvæmd

Rýnihóparnir komu saman í lok ágúst og byrjun september, árið 2006. Ákveðið var að ræða við börn og unglunga á aldrinum 10 til 15 ára. Ástæða þess að yngri börn voru ekki valin var sú að mikilvægt þótti að þátttakendur hefðu burði og þroska til þess að hafa náð fullu valdi á lestri.

Starfsfólk Félagsvísindastofnunar sá um að setja hópana saman og stjórna umræðum. Þátttakendur voru valdir með snjóboltaaðferð<sup>1</sup>. Hringt var á heimili barnanna og leitað eftir samþykki foreldris og þeirra sjálfra til að taka þátt í rýnihópaviðtölunum. Boðaðir voru sjö til níu einstaklingar í hvern hóp en ekki skiluðu sér alltaf allir þrátt yfir loforð þeirra um þátttöku (sjá töflu 1).

Rýnihóparnir samanstóðu af fjórum til sjö einstaklingum, annars vegar á aldrinum 10 til 12 ára og hins vegar 13 til 15 ára. Skynsamlegt þótti að aldurskipta hópunum svo mismunandi aldur barnanna truflaði ekki þátttöku þeirra í umræðum. Af sömu ástæðu var þátttakendum skipt hópa eftir kyni. Hóparnir voru því fjórir talsins, tveir hópar pilta (10 - 12 ára og 13 - 15 ára) og tveir hópar stúlkna (10 - 12 ára og 13 - 15 ára). Boðaðir voru sjö til níu einstaklingar í hvern hóp og var áhersla lögð á að fá einstaklinga úr mismunandi hverfum og skólum af höfuðborgarsvæðinu. Þrátt fyrir vilyrði um þátttöku í rýnihópunum skiluðu sér ekki allir í viðtölin og þegar upp var staðið tóku 25 krakkar þátt

---

<sup>1</sup> Með snjóboltaaðferð er leitað eftir þátttakendum með vísbendingum frá aðilum sem rannsakendur eru í tengslum við, s.s. frá samstarfsfólki, vinum og vandamönnum. Reynt er að velja þátttakendur sem þekkja hvorki rannsakendur né aðra þátttakendur.



í þessum fjórum rýnihópum. Þátttakendur voru frá Reykjavík, Seltjarnarnesi, Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði. Í töflu 1 má sjá yfirlit yfir þátttakendur í hópunum.

Tafla 1. Yfirlit yfir þátttakendur

	Fæðingarár	Skóli
<b>10-12 ára stúlkur</b>	1996	Árbæjarskóli
	1996	Melaskóli
	1995	Digranesskóli
	1995	Grandaskóli
	1995	Lauganesskóli
	1995	Melaskóli
	1994	Ingunnarskóli
<b>10-12 ára piltar</b>	1996	Snælandsskóli
	1995	Grandaskóli
	1995	Sjálálandsskóli
	1995	Langholtsskóli
	1995	Fossvogsskóli
	1994	Breiðagerðisskóli
	1994	Vesturbæjarskóli
<b>13-15 ára stúlkur</b>	1993	Víðistaðaskóli
	1992	Langholtsskóli
	1992	Hagaskóli
	1992	Háteigsskóli
<b>13-15 ára piltar</b>	1993	Valhúsaskóli
	1993	Ingunnarskóli
	1993	Hagaskóli
	1993	Snælandsskóli
	1992	Hólabrekkuskóli
	1992	Flataskóli
	1991	Foldaskóli

Rýnihóparnir komu saman í fundarherbergjum félagsvísindadeildar Háskóla Íslands í Odda. Lögð var áhersla á að umræður í hverjum hópi tækju eina klukkustund og fengu þátttakendur umbun fyrir þátttöku sína í formi bíómiða, auk þess sem þeim voru veittar veitingar meðan á viðtölum stóð.

## IV. Lestur

Í þessum kafla verður fjallað um lestur þátttakenda og hvaða sess hann skipar í lífi þeirra. Fjallað verður um viðhorf þeirra til lesturs og lestraráhuga, gildi og merkingu lesturs í þeirra huga, sem og lestraruppeldi og lestrarmenningu í þeirra lífi.

### 1. Er lesið og hversu mikið er lesið?

Langflest þeirra barna og unglunga sem tóku þátt í rýnihópaviðtölunum sögðust lesa að staðaldri og svo virtist sem slík spurning þætti nokkuð undarleg eða óþörf. Nokkur sögðust þó ekki lesa mikið utan þess sem þeim væri ætlað í skólanum og örfáir piltanna, í báðum aldurshópum, sögðust næstum aldrei lesa utan þess sem til væri ætlast í náminu<sup>2</sup>. Stúlkurnar sögðust allar lesa umfram það sem skólinn færi fram á.

Mjög misjafnt var hversu mikið krakkarnir sögðust lesa. Bæði töldu þau það fara eftir árstíma og því hversu tímabundin þau væru hverju sinni. Sömuleiðis var rætt í báðum aldurshópum að efni bókanna, lengd þeirra og það hversu skemmtilegt og áhugavert efnið væri hefði mest áhrif á það hversu hratt þau læsu bækurnar. Almennt virtust krakkarnir á aldrinum 10 - 12 ára vera að lesa tvær bækur í einu, eina sem tengdist náminu og var oftast lesin í skólanum og aðra sem þau lásu sjálf heima. Einn drengur sagði í því sambandi að hann læsi „mest af skóladótinu“. Einstaka stúlka og drengur í yngri hópunum sögðust þó lesa meira, eða um fjórar bækur á viku að jafnaði.

Margar unglingsstúlkanna og nokkrir unglingspiltanna sögðust lesa að jafnaði eina til tvær bækur á mánuði. Einungis örfá þeirra virtust þó lesa að jafnaði meira en það. Sumir unglingspiltarnir áttu erfitt með að meta nákvæmlega hversu mikið þeir læsu og virtust þeir lesa mismikið. Einn sagðist lesa „bara svona annað slagið“ og einhver benti á að þegar skólinn byrjaði þá væri skylda að lesa. Tveir unglingspiltanna sögðust almennt ekki lesa bækur en aðrir tveir virtust lesa mikið, nokkrar bækur á mánuði. Þeir sögðust þó eiga erfitt með að meta það nákvæmlega, það færi eftir því hversu skemmtileg bókin væri.

Sömuleiðis virtust krakkarnir gera töluvert af því að lesa blöð og myndasögubækur. Einkum voru Andrésblöð og Syrpur vinsælt lesefni, bæði meðal pilta og stúlkna í yngri

---

<sup>2</sup> Ýmislegt benti til þess að sá hópur sem ekki las neitt að ráði umfram það sem ætlast var til í skólanum hefði ekki jafn góð tæk á lestri og þau sem lásu meira.

hópunum og nokkrir krakkanna í unglingshópunum virtust einnig glugga í og lesa Andrésblöð. Ein unglingsstúlkan sagðist t.d. stundum lesa „bara Andrésblöð, til dæmis á klósettinu“ og önnur benti á að hún læsi stundum smásögur.

Hóparnir virðast því hafa spannað fremur breiðan hóp barna og unglinga með tilliti til þess hversu mikið þau lesa og hversu áhugasöm þau eru um lestur.

## **2. Hvar og hvenær er lesið?**

Þegar krakkarnir voru spurð að því við hvaða aðstæður þau læsu voru svör þeirra mismunandi. Nokkur þeirra virtust einkum grípa til lesturs þegar ekkert annað áhugavert væri á boðstólnum. Í báðum piltahópunum kom fram að stundum gripu þeir til bóklesturs þegar ekkert annað skemmtilegra væri á boðstólnum, svo sem ef sjónvarpsefnið væri leiðinlegt eða ef þeir hefðu enga vini sína til að leika sér við. Einhverjir nefndu sömuleiðis að þeir læsu mikið þegar þeir væru veikir heima. Að auki bentu unglingspiltarnir á að skólinn réði oft til um hvað væri lesið.

Nokkrir krakkanna, í báðum aldurshópum, sögðust oftast lesa á kvöldin þegar þau væru komin í háttinn. Sum bentu á að þau gætu ekki farið að sofa án þess að lesa. Nokkur þeirra voru sammála einum sem sagðist lesa til að „svæfa [sig] og gera [sig] þreyttan“. Á hinn bóginn voru nokkur á því að þau væru oftast of þreytt til að lesa áður en þau færu að sofa.

Mörg sögðust lesa hvað mest yfir skólaárið á meðan önnur sögðust lesa meira yfir sumartímann, þar sem þá gæfist þeim meiri tími til að lesa. Þau sem sögðust lesa meira yfir vetrartímann og skólaárið báru því hins vegar við að á sumrin væru þau utandyra allan liðlangan daginn og hefðu því lítinn tíma til að sitja við lestur.

## **3. Hvað er lestur?**

Krakkarnir voru beðnir um að skilgreina hugtakið lestur. Í flestum hópunum virtust þau komast að þeirri niðurstöðu að lestur væri einfaldlega það að lesa texta. Ein yngri stúlkanna sagði til dæmis „lestur er að lesa allt, til dæmis stafi og götunöfn og bara eitthvað“. Einnig var útbreidd sú skoðun að lestur mætti flokka eftir magni. Einn pilturinn sagði í þessu sambandi að það „Að lesa textann við bíómyndir er einskonar mínílestur“ og bætti því við að það að lesa Harry Potter væri aftur á móti meiri lestur. Í unglingshópunum veltu krakkarnir því fyrir sér hvort það að lesa MSN og SMS væri lestur eða ekki. Þau virtust almennt sammála um að það flokkaðist hinsvegar ekki undir

lestur heldur væri ákveðið samskiptaform. Þó töldu sum að það gæti talist lestur ef textinn væri í meira lagi. Sumir veltu því einnig fyrir sér hvort lestur teiknimyndasaga gæti talist lestur og voru ekki allir á eitt sáttir um það.

#### **4. Lesefni og áhugasvið**

##### **a. Bækur**

Þegar umræðan barst að því hvað þau læsu kom í ljós að spennubækur voru þær tegundir bóka sem þau nefndu fyrst. Þetta gilti bæði um stúlkurnar og piltana í báðum aldurshópum. Í yngri hópunum, bæði meðal stúlkna og pilta virtust Andrésblöð og Syrrpur einnig vera mjög vinsælt lesefni sem og fleiri teiknimyndasögur<sup>3</sup>. Flestir 10-12 ára piltanna höfðu lesið einhverjar Harry Potter bókanna og sumir höfðu lesið þær flestar. Sömuleiðis voru fleiri sambærilegar bækur nefndar til sögunnar. Sá sem virtist lesa hvað mest sagðist hafa lesið allar Harry Potter bækurnar og Hringadróttinssögu. Hann sagðist einnig „vera rosalega mikið í dýrabókum“ og sagði í því sambandi „systkini mín segja að ég sé nörd“. Tveir piltanna virtust hins vegar ekki hafa komist á bragðið með að lesa Harry Potter og sambærilegar bækur og sögðust finnast mun skemmtilegra að horfa á kvikmyndirnar. Þessir piltar lásu lítið utan þess sem sett var fyrir í skólanum.

Svo virðist sem strákarinn í yngri aldurshópnum læsu heldur einsleitari bækur en stúlkurnar. Á meðan strákarinn virtust fremur vera uppteknir af spennu- og ævintýrabókum eins og Harry Potter, Hringadróttinssögu, Eragon, Gæsa húð og fleiri slíkum bókum virtust stúlkurnar einnig lesa annarskonar bækur fyrir börn og unglina. Þannig nefndu flestar þeirra spennubækur sem vinsælt lesefni en einnig „barnabækur og allskonar skemmtilegar bækur“.

Þótt örfáir yngri piltanna væru að byrja að fíkra sig áfram við að lesa spennubækur sem flokkuðust undir fullorðinsbækur, s.s. sakamálasögur Arnaldar Indriðasonar, voru krakkarnir á aldrinum 10 - 12 ára almennt ekki farin að lesa bækur fyrir fullorðna. Almennt virtust þau heldur ekki vera farin að lesa bækur sem fjölluðu um unglina og samskipti kynjanna á unglingsárum.

Spennubækur og sakamálasögur var einnig sú tegund bókmennta sem unglingsarnir virtust vera hvað uppteknastir af. Munurinn á yngri hópunum og þeim eldri var hins vegar sá að unglingsarnir voru oftast en ekki farnir að lesa bækur sem voru skrifaðar fyrir

---

<sup>3</sup> Hér voru nefnd blöð eins og Galdrastelpur og MAD.

fullorðna. Bæði meðal piltar og stúlkna í þessum aldurshópi höfðu margir lesið bækur Arnaldar Indriðasonar og einhverjir höfðu eða voru að lesa Davincy code. Stúlkurnar í þessum aldurshópi sögðust líka lesa bækur um unglunga og unglungaástarsögur. Einhverjir strákanna höfðu einnig lesið slíkar bækur. Í því sambandi var höfundurinn Þorgrímur Þráinsson oft nefndur sem vinsæll höfundur bæði meðal strákanna og stelpnanna.

Krakkarnir virtust ekki hafa mikinn áhuga á að lesa þjóðsögur eða Íslendingasögur, sögðust einungis lesa það að því marki sem þau ættu í náminu. Sá unglingspiltur sem virtist lesa hvað mest var að lesa Íslandsklukkuna og sagði að eldri systir sín hefði bent sér á hana. Jafnframt sagði hann að hún yrði lesin að ári í skólanum þannig að þá yrði hann búin að lesa hana þegar að því kæmi fyrir námið.

Einnig var spurt hvort þau læsu ljóðabækur og voru flest þeirra sammála um að þau gerðu það ekki utan þess sem þeim væri ætlað í skólanum. Þó kom í ljós í umræðum í yngri stúlknaþópnum að sumar þeirra áttu og höfðu lesið bækur Þórarins og Sigrúnar Eldjárn sem þær sögðu vera skemmtilegar. Almennt virtist það þó fremur fjarlægt þeim að lesa ljóðabækur.

Myndasögubækur og myndasögublöð virtust hvað mest lesin í yngri hópunum og var Andrés önd þar vinsælasta efnið. Einnig höfum margir krakkanna í báðum aldurshópum lesið „Gæsa húðarbækurnar“ og einhverjir unglingspiltanna virtust einnig mjög uppteknir af myndasögum Hugleiks Dagssonar. Einn orðaði það þannig að þær væru „algjör snilld“ og fleiri tóku undir með honum.

Almennt virtust krakkarnir ekki lesa ævisögur t.d. um fótboltahetjur eða poppstjörnur. Einni unglingsstúlkunni langaði þó að lesa ævisögu Parisar Hilton. Flest þeirra virtust heldur ekki hafa mikinn áhuga á fræðslubókum, svo sem dýralífsbókum og bókum af sagnfræðilegum toga. Í yngri hópunum virtust þau nokkur fletta öðru hverju í gegnum heimsmetabók Guinness og ein stúlkan sagði að það væri alltaf keppni í bekknum hver næði henni fyrstur þegar þau færu á bókasafnið. Sömuleiðis nefndu einhver að þau flettu öðru hverju sögubókum sem foreldrar þeirra ættu. Margir piltanna og sumar stúlkanna virtust hins vegar lesa eða hafa lesið tímaritið Lífandi vísindi og nokkur sögðust nota Netið í þessum tilgangi.

### **b. Dagblöð og tímarit**

Þegar krakkarnir voru spurð út í lestur á dagblöðum sögðust þau mörg hver fletta í gegnum blöðin og lesa þau að hluta til. Krakkarnir í yngri hópnum virtust þó lesa blöðin í minna mæli en unglingarnir. Enn pilturinn í yngri hópnum benti á að hann læsi ekki dagblöð, sagðist vera með „óþol“ og „gæti ekki komið við pappírinn“ og annar benti á að hann nennti ekki fram til að ná í blaðið á morgnana en sagðist lesa það ef það „lægi á borðinu“. Svo virðist sem myndasögurnar, sjónvarpsdagskráin og kvikmyndauglýsingar væri vinsælast aflestrar í blöðunum meðal yngri krakkanna. Að auki voru íþróttasíðurnar lesnar af mörgum piltanna og einhverjir sögðust líka lesa bílablað Morgunblaðsins. Sumir piltanna sögðust einnig lesa „spennandi fréttir“. Flestir unglinganna virtust lesa dagblöðin að staðaldri. Í hópi unglingsstúlkanna kom fram að þær læsu hluta af dagblöðunum. Margar sögðust lesa forsíðuna og aftasta hluta blaðsins, „slúðrið“, brandara og íþróttaréttir. Ein nefndi að amma sín kæmi reglulega með DV og fleiri blöð sem hún sagðist þá lesa og skoða. Meðal unglingspiltanna virtust flestir lesa dagblöð og sá sem almennt sagðist ekki lesa sagðist þó lesa um kvikmyndir í dagblöðum. Um dagblaðalestur sagði einn unglingspiltanna að hann hefði verið blaðberi og stundum þegar hann hefði verið þreyttur í miðjum blaðaútburði hefði hann sest niður og lesið blaðið áður en áfram var haldið. Einhver gantaðist með það að hann hefði ekki nennt að vinna og hefði greinilega verið að „biðja um að vera rekinn“. Almennt virtust piltarnir þó vera hvað uppteknastir af því að lesa umfjöllun og auglýsingar um kvikmyndir, sem og íþróttasíðurnar. Sömuleiðis vildu einhverjir þeirra meina að þeir læsu „fullt af slúðri um fræga fólkið“.

Þegar rætt var um lestur tímarita kom í ljós að unglingsstúlkurnar sögðust hvað helst lesa Séð og heyrt og íslensk tímarit eins og Nýtt Líf, Mannlíf og Vikuna þegar þær kæmust í slík blöð. Þær sögðust þó ekki kaupa sér þessi blöð. Stúlkurnar í yngri hópnum sögðust hins vegar ekki lesa „slúðurblöð“ og flissuðu feimnislega þegar þær voru spurðar að þessu. Báðir stúlkna hóparnir áttu það þó sameiginlegt að hafa gaman af að lesa Andrésblöð. Yngri piltarnir virtust líka enn vera nokkuð uppteknir af Andrésblöðum og –syrpum og einnig var nokkuð um að krakkarnir í yngri hópnum læsu Lífandi vísindi. Sá piltur í yngri hópnum sem virtist lesa hvað minnst sagðist lesa mótörhjólablöð.

### **c. Netíð**

Svo virtist sem Netíð væri ekki jafnmikið notað til lesturs og fræðslu eins og til samskipta, leiks og annarskonar afþreyingar. Þó nefndu sumir krakkarnir að þau færu á

Google til að leita að upplýsingum eða vöfruðu öðru hverju á Netinu. Í því sambandi sagðist ein stúlkan í yngri hópnum fara á Google ef hana „langar að vita eitthvað“. Krakkarnir virtust almennt ekki sækja sér efni á netinu til að lesa. Einhver nefndu þó að þau læsu stundum stuttar sögur á Netinu og teiknimyndastrípur. Einn unglingspilturinn nefndi sömuleiðis að hann hefði lesið hluta úr Laxdælu á Netinu í tengslum við námið.

Meðal piltanna var algengast að þeir væru í leikjum á Netinu, þótt sumir unglingspiltanna virtust vera að vaxa upp úr tölvuleikjaáhuganum og gerðu því minna af því en áður. Einnig voru tónlistarsíður vinsælar. Stúkurnar voru aftur á móti nokkuð uppteknari af bloggi en piltarnir og svo virðist sem það gildi um báða aldurshópa. Þó nefndu nokkrir unglingspiltarnir að þeir heimsæktu blogg-síður. Mörg krakkanna sögðust vera með bloggsíður en elstu strákar voru mikið til hættir að blogga. Í umræðum um blogg meðal unglingspiltanna kom fram sú skoðun að krakkar misstu áhugann á bloggi með aldrinum og að flest væru hætt að blogga eftir 9. bekk því þá þætti blogg orðið „uncool“. Krakkarnir notuðu mörg hver Netid mikið sem samskiptamiðil, með MSN. Einkum og sér í lagi gildi þetta þó um stúkurnar en í umræðum meðal þeirra um MSN-notkun kom fram að ekki væru endilega allir krakkar að nota MSN-ið heldur væri það frekar ákveðinn hópur sem væri alltaf inn á MSN.

#### ***d. Er lesið á erlendum tungumálum?***

Meðal krakkanna í yngri hópnum virtist þær bækur sem voru lesnar allar vera á íslensku. Einn eða tveir nefndu þó að þeir læsu stundum Andrésblöð á dönsku. Einn pilturinn í yngri hópnum benti hins vegar á að enska væri „út um allt“, s.s. á Netinu og í tölvuleikjum og þess vegna ættu þau í raun ekki svo erfitt með að lesa á ensku. Í því samhengi benti einn piltanna á að hann skildi texta á ensku þótt hann gæti ekki talað á ensku. Í unglingshópnum voru sumir krakkarnir hins vegar farin að gera nokkuð af því að lesa bækur á ensku. Tveir unglingspiltanna höfðu til að mynda lesið Davinsey lykilmál á ensku<sup>4</sup>. Ein stúlkanna sagðist þó ekki vera nægilega góð í ensku til að lesa bækur á því tungumáli.

#### ***5. Hvatning til lesturs og lestrarumhverfi***

Krakkarnir nefndu ýmsa aðila þegar spurt hvort þau væru hvött til lesturs og hverjir hvettu þau til lesturs. Á meðan hvatning sumra var með formlegri hætti var önnur öllu óformlegri. Sum virtust þó ekki finna sérstaklega fyrir því að þau væru hvött til lesturs. Í

---

<sup>4</sup> Í ljós kom að þeir höfðu báðir mikið vald á ensku.

fyrsta lagi nefndu mörg þeirra sjálf sig þegar spurt var hver hvetti þau til að lesa. Í því sambandi sögðu nokkur að þeim þætti einfaldlega svo skemmtilegt að lesa að það væri í sjálfu sér hvetjandi fyrir þau. Ein nefndi að mamma sín þyrfti því ekki að hvetja sig til lesturs en hvetti hins vegar bróður sinn sem væri ekki áhugasamur um að lesa. Margir nefndu foreldra sína eða mæður sem helstu hvatningaraðila og aðrir nefndu skólann, kennara sína eða starfsfólk skólabókasafna.

### ***a. Skólaumhverfið og jafnaldrarnir***

Nokkur bentu á að sumir í bekknum læsu mikið en aðrir gerðu það ekki. Í umræðum um lestur meðal bekkjarfélaga og þátt skólans í hvatningu til lesturs kom fram að kennarar settu stundum upp hvatakerfi sem hvetti þau til lesturs. Í því sambandi var nefnt í yngri hópnum að sumir bekkjarfélaganna reyndu að svindla með því að velja sér léttar bækur þannig að þeir kæmst auðveldlega yfir margar blaðsíður.

Hvatning til lesturs virtist í mörgum tilvikum einnig koma frá félögum viðmælenda okkar og frá bekknum þeirra í sumum tilvikum. Mjög mismunandi virtist þó vera hversu mikinn áhuga á lestri krakkarnir upplifðu í bekknum sínum og meðal vina sinna. Meðal þeirra sem upplifðu áhuga á lestri og hvatningu til lesturs úr hópi vina sinna eða skólafélaga virtist hvatinn til lesturs einkum felast í samræðum þeirra á milli um bækur sem verið var að lesa hverju sinni. Auk þess virtust mörg þeirra nýta sér ábendingar hvers annars um lesefni. Ein unglingsstúlka vildi meina að það kæmi dálítið í bylgjum hvað væri vinsælt hverju sinni, ákveðnir höfundar væru stundum í tísku og í því samhengi nefndi hún að mikill áhugi hefði verið í bekknum sínum á bókum Arnaldar Indriðasonar. Sömuleiðis kom sú umræða upp meðal yngri piltanna að umræða og áhugi á bókum á borð við Harry Potter kæmi alltaf upp þegar ný bók kæmi út<sup>5</sup>.

Stór hluti viðmælenda virtist ræða bækur við vini sína, skiptast á ábendingum um skemmtilegar bækur og jafnvel lána hvort öðru bækur. Ein unglingsstúlkan benti í þessu sambandi á að hún og vinkona sín hefðu lesið tiltekna bók og síðan hefðu þær í sameiningu heimsótt þann stað þar sem sagan átti sér stað. Einnig virtust sum þeirra fá ábendingar um góðar og skemmtilegar bækur frá eldri systkinum sínum.

---

<sup>5</sup> Þetta á einnig við um þegar kvikmynd eftir bók kemur út.



### ***b. Hvatning og lestrarmenning heima***

Svo virðist sem flestir krakkanna hafi upplifað það að foreldrar þeirra læsu í einhverjum mæli fyrir þau þegar þau voru yngri. Almennt var þessu ekki þannig háttað lengur, því hefði verið hætt smám saman eftir því sem þau sjálf náðu betri tökum á lestrinum. Ein stúlkan í yngri hópnum, sem las mikið, nefndi þó að foreldrar sínir læsu enn fyrir sig og eldri bróður sinn ævintýrabækur sem væru þungar aflestrar.<sup>6</sup> Sömuleiðis nefndi ein unglingsstúlkan að mamma hennar hefði lesið fyrir sig og systkini sín Harry Potter til að koma þeim betur inn í þær sögur.

Mörg krakkanna töldu að flestir í sinni nánustu fjölskyldu, þ.e. foreldra og systkini, læsu að staðaldri. Aðrir sögðu hins vegar ekki mikið vera lesið á heimilum sínu. Þótt krakkarnir virtust almennt ekki upplifa mikla handleiðslu frá foreldrum sínum um hvaða lesefni þau ættu að velja sér sögðu þó nokkur þeirra að foreldrar, einkum mæður, hvettu þau stundum til að lesa bækur sem þau höfðu sjálf lesið þegar þau voru yngri. Einn yngri piltanna benti á að mamma sín ætti „hrúgu“ af slíkum bókum heima sem hún hvetti hann til að lesa. Hann taldi að hann myndi lesa þær síðar.

Þegar umræðan barst að sýnileika bóka á heimilum krakkanna sögðust flest þeirra vera með bækurnar sínar í herbergjum sínum og þá oftast ekki í bókahillu eða -hillum. Sömuleiðis virtust flest þeirra búa á heimilum þar sem sitthvað var til af bókum. Sum sögðu að bækur væru jafnvel í hverju einasta herbergi hússins á meðan önnur nefndu bækur í hillum á göngum eða í stofu. Einhver virtust þó búa á heimilum þar sem lítið sem ekkert var af bókum fyrir augum þeirra. Þau virtust almennt ekki nýta sér þann bókakost sem til væri á heimilinu og sögðu efni þeirra ekki við sitt hæfi. Þetta væru aðallega „þjóðsögur og þannig“ eða „eitthvað kjaftæði sem mamma les“, eins og einn unglingspilturinn tók til orða.

### ***c. Markaðssetning og fjölmiðlar***

Ekki voru allir á eitt sáttir um hvort bókauglýsingar hefðu áhrif á val þeirra á bókum. Sum voru á því að auglýsingar um bækur hefðu stundum áhrif á það hvað þau langaði eða ætluðu sér að lesa á meðan að önnur sögðust ekki veita bókauglýsingum athygli. Nokkrir viðmælenda okkar, einkum í eldri hópnum virtust skóða bókabæklinginn sem kæmi út fyrir jólin þar sem þau læsu um bækur og mynduðu sér skoðanir á því hvað þau langaði að lesa. Ein yngri stúlkanna tók fram að bókaupplestur hefði haft mikil

---

<sup>6</sup> Hér er átt við bækur þar sem nöfn sögupersóna og staða eru erfið.

áhrif á sig fyrir ein jólin og önnur nefndi kynningu á nýjum bókum á skólabókasafninu. Meðal unglingsstúlkanna kom fram að vinsældarlistar yfir bækur og auglýsingar hefðu oft áhrif á hvað þær veldu sér til lestrar.

Það að skáldsaga væri kvikmynduð virtist gera hana áhugaverðari og líklegri til að vera lesin. Vera má að skýringin sé að hluta til sú að einungis vinsælar bækur og metsölubækur séu kvikmyndaðar en á hinn bóginn má einnig lesa það úr viðtölum við krakkana að bækurnar væru meðal annars lesnar af því að þær kæmu út á kvikmynd. Þannig voru margir krakkanna á því að þau vildu hafa lesið bókina áður en að myndin kæmi út á meðan önnur nefndu bækur sem þau höfðu lesið í kjölfar þess að hafa séð kvikmynd um söguna. Þannig sögðu sum að myndin væri ekkert spennandi ef búið væri að lesa bókina á meðan að önnur sögðu bókina ekki nægilega spennandi ef búið væri að sjá myndina. Ein yngri stúlkanna nefndi dæmi um hvatningu til lesturs frá foreldri sem hét því að hún fengi að sjá myndina þegar hún væri búin að lesa bókina. Önnur nefndi að kennari sinn hefði lesið Kalla og sælgætisgerðina rétt áður en sagan kom út í kvikmynd. Einn piltanna í yngri hópnum var hins vegar á því að ekki skipti öllu máli hvort bókin væri lesin á undan eða eftir því að horft væri á kvikmyndina, því venjulega væru bók og mynd svo ólíkar. Almenn virtist þau, sem á annað borð lásu reglulega, finnast bækurnar enn skemmtilegri en kvikmyndirnar og bæta miklu við á meðan að þau sem lásu hvað minnst fannst skemmtilegra að horfa á myndirnar.

## **6. Aðgengi að lesefni og tími til lesturs**

Krakkarnir virtust fá bækur og lesefni úr ýmsum áttum. Flestir nefndu í því samhengi skólabókasöfnin en einnig sögðust nokkur sækja sér lesefni á almenningubókasöfn. Sömuleiðis sögðust mörg þeirra eiga bækurnar sjálf, þau fengju þær í gjafir, jóla- og afmælisgjafir, eða fengju þær lánaðar hjá vinum eða öðrum innan fjölskyldunnar. Ef undan eru skilinn hópur unglingspiltanna virtust mörg krakkanna biðja um tilteknar bækur í gjafir og þá oft með því að benda foreldrum sínum á bækur sem þau hefðu áhuga á að eignast eða með því að skrifa þær á óskalista yfir gjafir, t.d. fyrir jól. Unglingspiltarnir virtust aftur á móti ekki hafa áhuga á því að fá bækur í gjafir. Krakkarnir sögðust almennt ekki eyða fjármunum sínum í bækur. Þau sem eignuðust bækur án þess að um jóla- eða afmælisgjafir væri að ræða sögðu foreldra sína kaupa þær handa sér. Mörg þeirra eignuðust nokkrar bækur á ári en önnur fengu sjaldnar bækur. Sömuleiðis kom fram að mörg þeirra voru eða höfðu verið áskrifendur að myndasögublöðum og þá einkum Andrésblöðum og Syrpum. Nokkur höfðu sömuleiðis aðgang að Lifandi vísindum á heimili sínu.

Þegar talið barst að því hvort þau væru ánægð með þann bókakost sem þau hefðu úr að móða bentu unglingsstúlkurnar á að þær vildu sjá fleiri skemmtilegar bækur, „ekki of mikið drama eins og í stelpubókunum“ benti ein á. Önnur sagðist vilja sjá fleiri hryllingsbækur og enn önnur vildi sjá fleiri dularfullar bækur. Sú skoðun var almenn meðal unglingsstúlkanna að þær vildu gjarna lesa um krakka sem væru á svipuðum aldri og þær sjálfar.

Krakkarnir virtust almennt ekki hafa sterkar skoðanir á því hvort þau vildu eyða meiri tíma í lestur. Sum sögðust lesa í skorpum og nokkur sögðust stundum vera of tímabundin til að lesa. Ein stúlkan benti á að ef hún kæmist oftar á bókasafn myndi hún lesa meira. Almennt virtust krakkarnir ekki hafa mikið út á úrval bóka að setja en þó kom fram hjá nokkrum þeirra að mikið úrval góðra spennubóka væri það sem þau vildu helst sjá.

## ***7. Um gildi lesturs, ólík áhugasvið og umgengni við bækur***

### ***a. Almennt um gildi lesturs í þeirra huga***

Þegar talið barst að því hvað þau teldu lestur gera fyrir sig og hverju þau sæktust eftir þegar þau læsu má sjá að skemmtanagildi lesturs hefur hvað þyngst vægi í huga þeirra sem á annað borð lesa. Það að lesa væri einfaldlega skemmtilegt og áhugavert og í því fælist góð afþreying. Sum krakkanna í yngri hópnum nefndu einnig að lestur þjálfaði þau í móturmálinu og að hann gæti verið fræðandi. Í umræðunni kom fram skoðunin um mikilvægi þess að bókin næði að halda lesandanum einbeittum. Einn yngri piltanna sagði í þessu samhengi: „Það er bara leiðinlegt ef maður sekkur ekki ofan í það sem maður er að lesa“. Annar benti þá á að hann gæti einhvern veginn alltaf sökk sér ofan í söguna og sagðist þá „sjá fyrir sér umhverfið og þannig“.

Sömuleiðis virðist það skipta miklu máli að bókin héldi ákveðinni spennu og eftirvæntingu. Í öllum hópunum nefndu krakkarnir spennusögur sem þær tegundir bóka sem þeim þætti hvað skemmtilegast að lesa. Í því samhengi kom fram sú skoðun að ekki væri gott að heyra of mikið um atburðarrás sögunnar áður en maður læsi bókina. Einn yngri piltanna sagði til dæmis að sér þætti „leiðinlegt þegar vinir [sínir] eyðileggja fyrir [sér] spennuna, til dæmis eins og einn vinur [sinn] gerði með eina Harry Potter bókina“. Sömuleiðis kom skýrt fram sú skoðun að ekki mætti segja of mikið frá atburðarrásinni á kápu bókarinnar og í fyrirsögnum kafla. Rétt eins og strákarnir vildu

stúlkurnar hvað helst lesa bækur sem væru spennandi og segðu spennandi sögu en meðal þeirra kom fram sú skoðun að þeim þætt gaman að lesa um stelpur á sínum aldri. Svo virðist sem það sé nokkuð skýrt í þeirra huga að galdurinn við skemmtilega bók felist fyrst og fremst í því að skapa spennu og eftirvæntingu sem heldur lesandanum einbeittum í þeim hugarheimi sem bókin opnar honum dyr að.

### ***b. Áhugasvið stúlkna og pilta***

Þegar krakkarnir voru spurð að því hvort það væri munur á lestrarvenjum og áhugasviði stráka og stelpna voru þau almennt sammála um að nokkru munur væri á strákum og stelpum að þessu leyti. Almennt virtist þeim ekki finnast stór munur á því hversu mikið strákar og stelpur læsu. Í yngri stúlknaþópnum kom til dæmis fram að þær töldu einfaldlega einstaklingsbundið hversu mikið væri lesið. Því væri ekki hægt að segja að strákar læsu meira eða minna en stelpur. Meðal unglingspiltanna kom hins vegar fram sú skoðun að líklega læsu stúlkur almennt meira en piltar. Einn þeirra glotti þegar hann kom með þá skýringu að stelpur væru einfaldlega „kennarasleikjur dauðans“.

Krakkarnir virtust vera sammála um að stelpur og strákar hefðu almennt ólíkan smekk fyrir bókum. Í yngri þópnum kom sú skoðun fram að stákarnir væru meira fyrir spennubækur og hryllingssögur en stelpur. Sömuleiðis var reifuð sú skoðun meðal stúlkna að strákarnir væru dálítið „smábarnalegir“, veldu sér dýrabækur eða jafnvel „svona Disneybækur“ til að sleppa létt við lesturinn. Önnur sagði að „maðurinn á bókasafninu“ passaði að strákarnir tækju ekki of léttar bækur. Önnur taldi hins vegar að stákar læsu frekar bækur fyrir eldri en stelpur frekar bækur ætlaðar yngri krökkum. Þær vildu á hinn bóginn meina að stelpur læsu frekar en stákar bækur um unglunga og kærustupör. Strákarnir voru einnig sammála stelpunum um að þær læsu frekar bækur „um unglunga og eitthvað þannig“ og bækur ætlaðar stelpum eins og „Galdrastelpur og eitthvað þannig bull“. Þeir vildu jafnframt meina að strákar læsu frekar Lifandi vísindi og í því samhengi benti einn pilturinn borginmannlega á að stelpurnar „öskruðu alltaf þegar þær [sæju] skordýrin“. Jafnframt töldu þeir stráka vera uppteknari en stelpur af spennusögum, bardagamyndablöðum og bókum um íþróttir. Einn benti þó á að sumar stelpur hefðu einnig áhuga á bókum um íþróttir, stelpur sem til að mynda stunduðu sjálfar íþróttir. Í unglungaþópnum voru stelpurnar sammála um að stákar læsu meira af ævintýrabókum og hasarblöðum en stelpur læsu meira af „stelpubókum“. Unglingspiltarnir bentu að sama skapi á að stúlkur læsu meira af sígildum sögum, ástarsögum og unglungabókum og nokkrir glottu og ræddu um það að stákar læsu

dálitið sem ekki væri kannski mikill lestur í. Að lokum komumst við að því að þeir áttu við „karlablöð“. Einhverjir tiltóku jafnframt að það væri í það minnsta ekki „cool“ meðal stráka að lesa ástarsögu.

Því má velta fyrir sér hvort skoðanir krakkanna séu um margt litaðar af staðalmyndum um áhugasvið stelpna og stráka. Í það minnsta virðist þessum skoðunum þeirra ekki bera að fullu saman við það sem þau segjast hafa mest gaman af að lesa óháð því hvort um ræðir stelpur eða stráka, þ.e. spennubækur. Vera má að þau hafi einblínt á að draga einungis það fram sem aðgreinir þau í stað þess að benda á þann sameiginlega áhuga sem þau hafa.

### ***c. Upplifun stúlkna og pilta***

Þegar talið barst að tilfinningaupplifun við lestur voru svör stúlkna og pilta um margt ólík. Bæði stúlkur og piltar voru sammála um það að þau yrðu stundum spennt þegar þau læsu spennusögur. Ein stúlkan sagði í þessu samhengi: „Ef ég er að lesa spennusögur þá verð ég svo spennt en ef það eru einhverjar svona venjulegar sögur um lífið og tilveruna, þá verð ég bara eins og ég hef verið áður en ég byrjaði að lesa“. Strákarnir voru sömuleiðis sammála því að þeir yrðu oft spenntir þegar þeir væru að lesa slíkar bækur. Krakkarnir voru spurð að því hvort þau læsu bækur sem vektu með þeim kátínu og voru sum þeirra á því að það kæmi fyrir að þau skelltu uppúr við lestur bóka. Miklu fleiri sögðust þó yfirleitt ekki skella uppúr þótt vissulega læsu þau stundum eitthvað sem þau brostu að. Öðru máli gengdi hins vegar um þá upplifun að verða sorgmæddur eða jafnvel komast við. Margar stúlkanna voru fúsar til að upplýsa um að stundum grétu þær þegar þær læsu eitthvað sem þeim fundist sorglegt. Ein unglingsstúlkan sagði til dæmis: „oh já, það pirrar mig svo, ég get grátið yfir öllu“. Önnur vildi hins vegar meina að hún yrði „geðveikt pirruð“ þegar bækur enduðu alltaf vel en að sama skapi yrði hún líka „geðveikt pirruð“ þegar bækur sem hún vonaðist eftir að fengju góðan endi fengju hann ekki, „eins og til dæmis í bókum þegar strákur og stelpa enda saman eða þegar þau þá enda ekki saman“. Strákarnir vildu hins vegar hvorki meina að þeir gætu orðið hræddir, sorgmæddir eða leiðir við lestur bóka. Þegar talið barst að þessu kom upp umræða meðal yngri piltanna um yngri systkini sín sem grétu yfir bíómyndum og slíku.

#### ***d. Umgengni stúlkna og pilta við bækur***

Í viðtölum við krakkana kom fram áhugaverður munur á stúlkum og piltum með tilliti til þess hvernig þau umgangast og lesa bækur. Svo virðist sem stúlkurnar væru almennt samviskusamari í lestrinum en strákar. Krakkarnir voru inntir eftir því hvað þau gerðu þegar þau væru að lesa bók sem þeim líkaði ekki við. Hér kom fram munur á stelpum og strákum. Stelpurnar sögðust almennt klára að lesa bækurnar þótt þær væru þeim ekki að skapi. Ein sagðist „halda áfram og gá hvort hún [bókin] lagist ekki“ og fleiri sögðust þrauka við lesturinn þangað til þær hefðu lokið við bókina. Einhverjar sögðust þó stundum sleppa köflum, t.d. „því sem [væri] ógeðslegt“. Meðal piltanna var hins vegar niðurstaðan almennt sú að þeir skiluðu bókinni án þess að hafa lesið hana alla ef þeim líkaði hún ekki. Sumir bentu í því sambandi á að þeir læsu nokkrar síður aftar í bókinni til að „gá hvort hún lagaðist ekki“ og ef það væri niðurstaðan að hún stæðist ekki væntingar þeirra þá skiluðu þeir henni án þess að klára að lesa hana.

Í umræðunum barst talið að því hvort þau læsu stundum aftar eða aftast í bókum án þess að vera búin að lesa bókina þangað. Meðal stúlkanna virtist nokkuð algengt að þær gerðu það, einhverjar sögðust „verða að kíkja“ eða „stelast“ og nokkrar voru sammála um að þær læsu alltaf síðustu setninguna eða málsgreinina í bókinni. Nokkrir piltanna sögðust reyndar stundum kíkja aftast í bókina en þeir voru þó margir á því að það „segði ekki neitt“. Einn benti á að það væri í raun tilgangslaust í bókum eins og Harry Potter því á þeim væri eiginlega alltaf framhald.

#### ***8. Hvað ræður þegar velja á bók***

Í viðtölunum var rætt um hvað það væri sem vekti athygli þeirra við bók og gerði það að verkum að þau tækju ákvörðun um að lesa hana. Þau voru almennt sammála um að það væri mismunandi hvað réði úrslitum. Mörgum fannst mikilvægt að kápan vekti áhuga þeirra, einnig var titill bókarinnar oft nefndur og höfundur hennar. Mörg sögðu einnig að textinn á bakhlið bókarinnar skipti miklu máli því þar fengju þau innsýn í hvað bókin fjallaði um. Einn yngri piltanna vildi meina að „scary“ kápa væri það sem vekti athygli hans og annar var sammála því að hann veldi frekar bókina ef kápan væri flott. Nokkrar unglingsstúlkanna voru á því að ljótar myndir í bókum og á bókarkápum „pirruðu“ sig. Í þessu samhengi benti ein þeirra á að hún nennti ekki að lesa gamla bók sem mamma hennar hvetti hana til að lesa einfaldlega af því hún væri svo ljót í útliti og með ljótum myndum. Margir vildu þó meina að kápan skipti minna máli, það væri einkum það sem stæði aftan á bókinni sem réði úrslitum. Unglingspiltarnir voru til að

mynda á því að bókarkápan skipti sig litlu máli, það væri einkum titill bókar og umfjöllun um innihald hennar sem skipti mestu máli. Í því sambandi sagði einn „töffarinn“ í hópnum og glotti: „ef einhver er að drepa einhvern í bókinni þá hefur það áhrif, þá vel ég hana“. Í máli annars kom fram að skrýtnar nafngiftir á sögupersónum gerðu það að verkum að hann veldi síður bókina til lesturs.

Í umræðunni um textann aftan á bókarkápum kom skýrt í ljós sú skoðun margra krakkanna að í umfjölluninni mætti ekki upplýsa of mikið um atburði og atburðarrás sögunnar, það eyðilegði fyrir þeim eftirvæntinguna og spennuna. Einn piltanna benti þó á að stundum væri umfjöllunin aftan á bókarkápu of efnislítill sem yrði þá til þess að hann veldi ekki bókina. Einn yngri piltanna virtist fá hugmynd í þessum samræðum og sagði „Þælið í því ef maður gæti lesið aftan á Biblíuna“.

Þegar talið barst að því hvort að þykkt og lengd bókanna gæti haft áhrif á val þeirra sögðust mörg krakkanna telja að svo gæti verið. Nokkur í yngri hópnum sögðust síður hafa áhuga á bókum sem væru mjög langar en einhverjir töldu þó stuttar bækur vera verri kost. Svo virðist sem þeir krakkar sem lásu meira væru frekar tilbúin til að lesa langar bækur. Ein unglingsstúlkan benti á að hún yrði „geðveikt stolt“ þegar hún væri búin að komast í gegnum langar bækur. Fleiri voru sammála henni um að í því fælist ákveðið afrek.